

- 36 15. jan. Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 15. janúar 1953.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

- 37 28. jan. Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Gjafasjóð Aðalsteins Kristjánssonar, byggingameistara í Winnipeg“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 28. janúar 1953.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjóðstofnun Aðalsteins Kristjánssonar, byggingameistara í Winnipeg, er andaðist 14. júlí 1949, samín af skiptaforstjórunum í búi hans, samkvæmt fyrir-mælum í erfðaskrá hans.

1. gr.

Nafn sjóðsins er: Gjafasjóður Aðalsteins Kristjánssonar, byggingameistara í Winnipeg, til styrktar áhuga fyrir sundiðkun á Íslandi og björgun frá drukknun í sjó.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er samgildi Can. \$ 1000 — eitt þúsund Canada dollara — í ís-lenzkum krónum, og hefur fjárhæð þessi verið yfirfærð og henni varið til kaupa á veðdeildarbréfum Landsbanka Íslands, með núverandi verðgildi þeirra í kaupum og sölu, þannig að verðbréfaeign sjóðsins nemur ísl. kr. 21 000 í veðdeildarbréfum. Þegar bréf sjóðsins eru dregin út, skal kaupa ný veðdeildarbréf í staðinn.

Verðbréfaeign sjóðsins áritast um að þau séu eign sjóðsins.

3. gr.

Fyrstu ársvöxtunum af sjóðnum, eftir að hann tekur til starfa, skal varið til kaupa á farand-keppnisbikar, er menn, búsettir á Íslandi, keppa um árlega í sundi og björgun frá drukknun í sjó. Sú keppni skal haldin árlega á þeim stað og samkvæmt þeim reglum, er umráðamenn sjóðsins ákveða.

Síðan skal ársvöxtum sjóðsins jafnan varið til verðlauna fyrir sundafrek eða björgun úr sjó, er skiptast og úthlutast á þann hátt, er umráðamenn sjóðsins ákveða.

4. gr.

Landlæknirinn á Íslandi, eða sá maður, er gegnir tilsvarendi embætti síðar, skal vera sérstakur trúnaðarmaður sjóðstofnunarinnar og skal afhenda honum eignir sjóðsins til ávöxtunar, svo hann geti varið árlegum tekjum hans á þann hátt, er að ofan greinir.

Þessum aðaltrúnaðarmanni sjóðsins er skylt að tilnefna tvo aðra menn með sér, sem sameiginlega trúnaðarmenn sjóðsins, er starfa með honum sem ráðunautar.

5. gr.

Fari svo að einhver af hinum sérstöku trúnaðarmönnum sjóðsins skyldi einhverntíma neita að taka að sér starfið, eða verða ófær til þess, þer honum að útnefna annan mann, er hann telur hæfan, sem sérstakan trúnaðarmann, og skal þá sá maður hafa sama vald og skyldur, er fylgir með starfinu, meðan hann gegnir því. Þegar sá maður hættir eða fellur frá, tilnefnir landlæknir á sama hátt annan í hans stað, geti landlæknir þá ekki sjálfur gegnt starfinu, og þannig skal þessu hagað ávallt framvegis.

37

28. jan.

6. gr.

Reikningur sjóðsins skal árlega gerður og þar skýrt frá, hver sé handhafi farandbikarsins það ár og hver eða hverjir hafi hlotið verðlaun úr sjóðnum það ár, og fyrir hvað þau hafi verið veitt.

7. gr.

Reikningar sjóðsins skulu birtir í Lögbirtingablaðinu.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

F. Kristjánsson.

A. Kristjánsson.

Winnipeg, 26. nóvember 1952.

F. h. skiptaforstjóranna í dánarbúi Aðalsteins Kristjánssonar.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Ragnheiðar Kjart- 38
andsdóttur frá Hruna“, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráð- 30. jan.
herra 30. janúar 1953.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ragnheiðar Kjartandsdóttur frá Hruna.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Ragnheiðar Kjartandsdóttur frá Hruna. Hann er stofnaður 23. maí 1952 af bekkjarsystkinum hennar í Kennaraskólanum frá árunum 1925 til 1927.

Stofnfé sjóðsins er 7000 — sjö þúsund — krónur.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja kennara til náms í blindrakennslu. Styrkurinn veitist eftir umsókn, og aðeins þeim, sem lokið hefur kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: 1) skólastjóri Kennaraskóla Íslands, og er hann formaður stjórnarinnar, 2) fræðslumálastjóri, 3) fulltrúi úr hópi stofnenda, svo lengi sem þeirra nýtur við, en eftir þeirra dag fulltrúi úr hópi Nemendasambands Kennaraskólans, kosinn af því til 5 ára í senn.